

Gögn í vörslum Þjóðskjalasafns Íslands og varða dómsmál um hleranir á Kaldastríðsárunum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Afhending 2006/25


Til
Sakal. í Ríkis

Í 67. l. l. fjárfélaginu, fösta
daginn 25. j. m. er á fyrsta
síða frásögn af fundi, e hald
inn var í höndum um skilamun
tíma 24. j. m. að tilhaldur
Lisialisflakkisins, til mynd
inn fjárfélagi Íslands; Nafn
allandiþing þannatlaginn. Þar
þessi eru m. a. — — —

Þannfarum síðast í sönnu
grein: — — —
Í sama hluti hlafa og áður
erit vitadur greinur í höndum
blit, þitt eigi hafi mnt um
foklega að veri kveðið um he.

Af hinum tilvitnum
nummalum mntit mega ráða
að tilallum sí^{er} að hinum
Alþingi; Skrifum sínum að
því er snertu þetta mál og
þessa þri höndum tilvitnum
numli XI skafu heyringalagum
kfr. 100 gr.

Þu. leggja ^{þetta} mál á
á að Regl ^{verti} til hinu íbri
at upplýsinga á hinum hál
frankvæmum félönum höndum
er mntibúum og lesfum
því þess yðu, til, að taka
mál þetta þess; Slut til
— — —



i feri avumbandi bein
feri til yfir, brennt ekki það
hittaleið og þá, þetta
i sinnum faratönu
fjórðungi og annar fjórðungi
líklegt mið keli og slangi
at falvum höfnum

26. marz 1949.

Í 67. töl. Þjóðviljans, föstudaginn 25. þ.m. er á fyrstu síðu frásögn af fundi, er haldinn var í Listamannaskálanum hinn 24. þ.m. að tilhlutun Sósíalistaflokksins, til umræðu um þátttöku Íslands í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Þar segir svo m.a.:

" Fundurinn sýndi að þegar Bandaríkjalepparnir leggja hinn nýja landráðasemning fyrir Alþingi munu Reykvíkingar tugþúsundum saman koma og mótmæla, til að hindra að hann verði gerður af þingmönnum - sem þjóðin mun sparka við næstu kostningar - heldur að málið verði lagt undir atkvæði þjóðarinnar allrar."

Ennfremur síðast í sömu grein:

".... Og Reykvíkingar eru staðráðnir í að duga sem Íslendingar, hindra landráðin og knýja í gegn að íslenskka þjóðin fái sjálf að dæma um örlagaríkasta mál sitt - þátttökuna í Atlantshafsbandalaginu - við almenna þjóðaratkvæðagreiðslu."

Í sama blaði hafa og áður verið ritaðar greinar í hótunar stíl, þótt eigi hafi verið svo freklega að orði kveðið sem hér.

Af hinum tilvitnaðu ummælum virðist mega ráða að tilátlanin sé sú að hindra Alþingi í störfum sínum að því er snertir þetta mál og heyra því hótanir blaðsins undir XI. kafla hegningalaganna sbr. 100 gr.

Ráðgjæfingur leggur ríka áherslu á að reynt verði til hins ítrasta að upplýsa á hvern hátt framkvæmd þessara hótana er undirbúin og leggur því fyrir yður, herra saka-

Til sakaðómans

Reykjavík.

dómari, að taka mál þetta þegar í stað til rannsóknar. Vill ráðuneytið í því sambandi beina því til yðar, hvort ekki þætti tiltakilegt að láta hlusta í símanúmerum forráðamanna Þjóðviljans og annara þeirra er líklegt má telja að standi að þessum hótunum.

1. júní 1968.

Í síðari hluta þessa mánaðar verður haldinn í Reykjavík ráðherra- fundur Norður-Atlantshafsbandalagsins og hafa borizt út ákveðnar fregnir af því að hafinn sé undirbúningur að því að stofnað verði til óeirða vegna fundahaldanna e.t.v. með þátttöku sérþjálfara, erlendra aðila. Þykir því brýn nauðsyn vegna almannaöryggis að úrskurðað verði um hlustun íeftirtalin símanúmer í Reykjavík, til þess að unnt verði að komast að fyrirætlunum um lögbrot er varða öryggi ríkisins:

Er þess óskað, herra yfirsakadómari, að málefni þetta verði tekið fyrir, til úrskurðar samkvæmt 47. gr. laga um meðferð opinberra mála.

F. h. r.

A handwritten signature in dark ink, appearing to be the initials 'J.M.' or similar, written in a cursive style.

Yfirsakadómariinn í Reykjavík.

Á G R I P S E N D U R R I T

ú r

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---oooOOooo---

Ár 1968, laugardaginn 8. júní kl. 11,00 var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í dómssal B í Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni yfirsakadómarara með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Ósk dómsmálaráðuneytisins um uppkvaðningu úrskurðar um hlustanir í nokkur símanúmer hér í borg.

.....
Var síðan í málinu kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Ár 1968, laugardaginn 8. júní var úrskurður þessi kveðinn upp í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var að Borgartúni 7 af Þórði Björnssyni, yfirsakadómarara.

Með bréfi dags. 1. þ. m. og framlögðu í dóminum í dag, hefur dómsmálaráðuneytið ritað yfirsakadómarara eftirfarandi:

"Í síðari hluta þessa mánaðar verður haldinn í Reykjavík ráðherrafundur Norður-Atlantshafsbandalagsins og hafa borizt út ákveðnar fregnir af því að hafinn sé undirbúningur að því að stofnað verði til óeirða vegna fundarhaldanna e.t.v. með þátttöku sérþjálfara erlendra aðila.

Þykir því brýn nauðsyn vegna almannaöryggis að úrskurðað verði um hlustun í eftirtalin símanúmer í Reykjavík, til þess að unnt verði að komast að fyrirætlunum um lögbrot,

er varða öryggi ríkisins:

Er þess óskað, herra yfirsakadómari, að málefni þetta verði tekið fyrir, til úrskurðar samkvæmt 47. gr. laga um meðferð opinberra mála."

Fyrrgreindur fundur verður haldinn dagana 24. til 26. júní n. k., en síðustu fundarmenn munu fara af landi brott 27. þ. m.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram koma í nefndu bréfi, þykir mega ætla, að í sambandi við þennan fund, geti komið til atferlis, sem skaðað geti öryggi ríkisins eða á annan hátt varðað við 88. eða 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 47/1941. Er því fullnægt almennum skilyrðum í 47. gr. laga nr. 82/1961 fyrir úrskurði um hlustanir í síma.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með tilvísun til fyrrgreinds bréfs dómsmálaráðuneytisins þykir rétt að heimila til og með 27. júní n. k. hlustanir á samtöl, sem fram fara frá eftirtöldum sínum hér í borg, til ^{upplýsinga} öflunar/um þau efni, sem í greindu bréfi greinir.

Símanúmerin eru þessi:

Alyktunarorð:

Heimilar skulu vera til og með 27. júní 1968 hlustanir í síma í framangreindu skyni á samtöl, sem fram fara í eftirtöldum símanúmerum hér í borg:

Dórður Björnsson

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði.

Dómpingi slitið kl. 11,43

Dórður Björnsson

Vottar:

Sverrir Einarsson

Bjarki Elíasson

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 8. júní 1968.




3
DMK

FYLGISEÐILL

Dags.: 3i/568	<input type="checkbox"/> Boðsendist	<input type="checkbox"/> Pótsendist
---------------	-------------------------------------	-------------------------------------

MÓTTAKANDI
 Ráunaeissjóni: *Balkur Maller*

Meðfylgjandi sendist:

<input type="checkbox"/> Samkv. umtali	<input type="checkbox"/> Með þökk fyrir lánið
<input type="checkbox"/> Til afgreiðslu	<input type="checkbox"/> Til ákvörðunar
<input type="checkbox"/> Til áritunar	<input type="checkbox"/> Til umsagnar
<input checked="" type="checkbox"/> Til fróðleiks	<input type="checkbox"/>

Vinsamlegast:

<input type="checkbox"/> Endursendið	<input type="checkbox"/> Geymið hjá yður
<input type="checkbox"/> Talið við	
<input type="checkbox"/> Afgreiðið fyrir	

ATHS.


Met kochin

SENDANDI
Stjórnin



Lögreglan í Reykjavík

Skýrsla



Fimmtu- daginn 30. maí 196.68, kl. 14.50, er

Um:

mættur í skrifstofu yfirlögregluþjóns, [REDACTED]

[REDACTED]

Til efni þess, að [REDACTED] mætir, er orðrómur, sem honum hefir borizt til eyrna um skipulagðan undirbúning mótmeala vegna væntanlegs fundar NATO í Reykjavík, dagana 24. til 26. júní nk. [REDACTED] skýrir svo frá, að hann vinni hjá

[REDACTED] Hann kveðst vinna nú á kranabifreið á vegum [REDACTED] við framkvæmdir á horni

[REDACTED] Að morgni 29. maí kveðst hann hafa verið við vinnu þarna um kl. 09.00. Bar þarna þá að

Afgreiðsla:

[REDACTED] sem mættur þekkir í sjón, og tók [REDACTED] einn verkamanninn þarna, að nafni [REDACTED] (óvíst um fððurheiti), tali, og urðu brátt allmargir menn þarna samankomnir, sennilega um 8. [REDACTED] kveðst þá hafa slegiz í hópinn, og hafi [REDACTED] þá verið að tjá mönnum, að ekki mætti láta það líðast, að Háskóli Íslands, aðsta menntastofnun landsins, yrði afgirtur, og vopnaðir menn látnir gæta hans meðan hernaðarbandalagið NATO héldi þar fundi, og virtist með þessu tali vera að leita eftir undirtektum manna. Út af þessu spunnust umræður milli [REDACTED] og verkamanna, sem m.a. töldu það ófært, að Áskulþýðsýlkingin hefði uppi aðgerðir í málinu, en töldu eðlilegra, að stúdentar hefðu þar frumkvæði. [REDACTED] taldi þá lítilsmegandi í þessum efnum og þyrfti að koma til utanaðkomandi stuðningur. M.a. skýrði hann frá því, að

Lögreglustjórnin

í Reykjavík

Kæruskrá

nr.

Lögreglan í Reykjavík

Skýrsla



daginn 196

Um:

-2-

vantanlegir færu til Íslands um 50 útlægir Grikkir og fjöldi stúdenta úr Evrópu, og mundu þessir menn eiga að hafa frumkvæði um mótælin og vinna skemmdarverk, enda vanir slíku, m.a. væri áætlað að kveikja í Bandaríska sendiráðinu, eyðileggja bíla þess og annað í líkum dúr. Þegar verkamennirnir fóru að tala um, hvort þetta yrði ekk dýrt fyrirtæki, tjáði [redacted] þeim, að í slíkum tilfellum væri herkostnaðurinn greiddur erlendis frá, og mundi í engi skorta fé. Í sambandi við hina erlendu skemmdarverkamenn, sem hingað ættu að komast, lögðu verkamennirnir þann skilning í komu þeirra, að þetta væru eigna- og ærulausir menn, sem ekkert væri af að hafa, ef til skaðabótamála kæmi, en erfitt mundi að fá Íslendinga til þessara verka, þar sem þeir ættu flestir fyrir fjölskyldu að sjá, væru húseigendur o.s. frv.

Afgreiðsla:

Að svo komnu máli kveðst [redacted] ekki minnst meins markverðs, sem hann þurfi að geta um.

Bjarki Elfasson,
yfirlögregluþjónn.
(sign.)

Upplesið, játað rétt bókað.

[redacted]
(sign.)

Lögreglustjórim

í Reykjavík

Kæruskrá

nr.

Vottur:

Gunnar Helgason.
(sign.)